

Ágætu ráðstefnugestir.

Undirritaður hefur löngum haft sterkar skoðanir á þeim stofnunum er þjóna og eða hafa eftirlit með atvinnulífi okkar. Þessar stofnanir eru nokkrar sem stöðugt eru í samskiptum við atvinnulífið. Sjávarútvegurinn er undir handleiðslu nokkra öflugra stofnanna .

### Glæra 2 (Gamlar Myndir)

Þær eru helstar: Fiskistofa, Hafrannsóknarstofnun, Mast, matvælastofnun, Siglingastofnun (Samgöngustofa), Mátis, Vinnueftirlitið.

Einnig eru sjálfstæð einkafyrirtæki að vinna á þessu sviði, Lloyds, Det Norske Veritas, Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. Svo örfá séu nefnd.

Ég hef í nokkurn tíma velt því fyrir mér hvernig ég ætti að nálgast þetta erindi. Hvaða stofnanir helst ætti að ræða um, og hvar þær væru raunverulega að aðstoða fyrirtækin og efla . Fyrir 6-8 árum þegar þeir Einar Kristinn Guðfinnsson og Vilhjálmur Egilsson stýrðu sjávarútvegsráðuneytinu var þeirra stefna skýr, ráðuneytið væri til að þjóna sjávarútvegnum. Ég ásamt nokkrum hópi manna úr greininni og stjórnkerfinu hittumst í nokkuð langan tíma til að fara yfir þá þætti sem betur mættu fara í samskiptum stjórnvalda og sjávarútvegsins. Fjöldmörg ráð og tillögur urðu þarna til og mörgum hrint strax í framkvæmd, s.d. var rætt um þá þörf að senda símskeyti til bæði útgerðar og skipstjóra skips ef þeir færu yfir í aflaheimildum í einstakakri fisktegun, Fiskistofa sendi út

hundrað ef ekki þúsundir skeyta á ári hverju vegna þessara yfirsjórnar útgerða, árlegur kostnaður ríkisins hljóp á milljónum, 12-15 ef ég man rétt. Við lögðum til að þessu yrði breitt hættum að senda símskeyti, sendum e-mail. Eftir að lögfræðihlið þessara mála hafði verið könnuð og engin fyrirstaða þar, var þessu hætt, og tölvupóstur látinn nægja. Þarna hafa sparast yfir 100 milljónir kr.

Síðan tóku við menn í ráðuneytinu, sem höfðu allt aðra sýn á málum, allt náíð samstarf talið óeðlilegt.

Þar sem ég er byrjaður á að tala um Fiskistofu er rétt að halda þar áfram, ég vil leyfa mér að segja að engin stofnun á Íslandi á í meira sambandi við nokkra atvinnugrein en Fiskistofa á við sjávarútveginn. Við tilkomu kvótakerfisins var sett upp mikið og öflugt eftirlit af hálfu ríkisins til að fylgja eftir því að afli og skráning hans væri rétt.

**Glæra 3 (Fiskistofa Kvóti)** Því það má ekki gleyma því að kvótinn var settur á til að draga mjög verulega úr sókn í okkar helstu fiskstofna, allar útgerðir urðu fyrir verulegri aflskerðingu og hræddust menn mjög afkomu sína í kjölfar kvótasetningar. Eftirlit Fiskistofu hefur frá fyrstu tíð markast af þessu. Þ.e. eftirlit með veiðum, löndun og vigtun aflans. Samhliða þessu eftirliti var byggt upp öflugt tölvu og skráningarkerfi sem á engan sinn líkan.

#### **Glæra 4 (Fiskistofa Landaður afli)**

Rauntímaskráning á lönduðum afla, utanumhald um aflaflutning milli skipa og útgerða, nákvæm skráning varanlegra heimilda, upplýsingar og útreikningur um hin ýmsu

mál s.s byggðakvóta, vs afla, undirmálsfrádrátt svo fátt eitt sé tiltalið. Það fólk sem hefur unnið á tölvudeild Fiskistofu á mikið hrós skilið. Ég tel að hversu vel tókst til með þessu skráningarkerfi hafi það tryggt kvótakerfið í sessi.

Aðrir þættir í starfsemi Fiskistofu þyrfti að bæta og tryggja meiri skilvirkni í. Endalaust er verið að gagnrýna kerfið fyrir svindl á ísprósentu, bakreikningi á lönduðum afla, nýtingaprósentum vinnsluskipa svo fátt eitt sé nefnt. Mín skoðun á þessar gagnrýni er sú að þegar kerfið ætlar að fara einhverjar skemmri leiðir að vandanum verði hann að vandamáli. Fastar ís prósentur, föst nýting á lönduðum unnum afla, fastir slægingar stuðlar skapar þau vandamál sem við á að eiga í kerfinu í dag. Tryggja verði að allar mælingar séu gerðar stöðugt og í rauntíma. Með öflugra samstarfi við greinina og aðra þá sem starfa á þessum markaði s.s. Matís, og vél og hugbúnaðar framleiðendum væri möguleiki að ná sem réttustu upplýsingum um veiddan og landaðan afla.

Ef við höldum aðeins áfram hérna þ.e. aflaheimildir skipa og vigtun þeirra, þá erum við að sjá að þar sem einhverjir opnir pottar eru þá er gengið illa um aflann, hér á ég við um línuviltun, við höfum orðið varir að smærri bátar eru að landa fiski í mjölpokum, til að koma sem mestum afla í bátinn. Þess háttar aflameðferð er fullkomlega óeðlileg. Nýverið var sett reglugerð um fasta 16% ísprósentu á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað þ.e gámafisk, þar hefur strax orðið breyting á aflameðferð, því dregið hefur verulega úr

ísun á sjó, en við löndun eftir vigtun þá er ísnum bætt vel á körin áður en að þau fara í gáminn.

Hafrannsóknarstofnunin er það apprat sem ræður mestu um framgang íslensk sjávarútvegs, fisknum í hafinu fjölgar ekki eða fækkar eftir því hvort við höfum Hafró. Öll ákvarðanna taka stjórnvalda byggist á ráðgjöf Hafró. Ráðgjöfin er gefin í ljósi þeirrar vitneskju sem vísindamenn hafró afla sér með sinni vinnu. Rannsóknarferðum skipa stofnunarinnar, úrvinnslu gagna um landaðan afla, ásamt fleiri þáttum sem ég kanni ekki að nefna hér. Því er það greininni lífsnauðsyn að þessar upplýsingar séu réttar, og að úr þeim sé lesið á réttan hátt. Ég hef það á tilfinningunni að sú ráðgjöf sem sett er fram, sé breytileg eftir fisktegundum.

Við þurfum að huga að því við ákvörðun um heildarafla einstakra tegunda að allir þættir séu með í jöfnunni. Það er ekki þörf á að veiða fisk sem engin vill kaupa, ekki er heldur ráðlegt að byggja upp fiskstofna þannig að markaðir tapast.

### Glæra 5 (Ráðlagður Afli)

Ég er ekki að tala hér um að ganga á óábyrgan hátt um nokkurn fiskstofn, en við höfum gert mistök í þeim efnun vegna þess að ekki var gætt að sér.

Það væri nokkur akkur í því að Hafró gæfi út einhverskonar töflu um áætlaðan afla helstu nytjastofna okkar nokkur ár fram í tímann. Þetta er auðvita misflókið eftir fisktegundum. Það hefur verið kallað eftir því að fiskifræði sjómannsins fái að njóta einhvers í þeirri umræðu sem er í gangi á hverjum tíma um þetta lifibrauð okkar, ég er því sammála því í mínum

huga er langt í frá að fiskifræðin hafi náð að höndla sannleikann.

Íslenskur sjávarútvegur breytist dag frá degi. Við þurfum að vera sífellt á tánum. Sumstaðar miðar okkur áfram en á öðrum sviðum afturábak. Ég tel að síðust ár hafi frekar fært okkur afturábak, of lítil fjárfesting er í greininni, skipin eru gömul og eyðslufrek, fiskvinnslan staðið í stað, og lítil metnaður í að selja Íslensk sjávarfang.

Við höfum þó staðið okkur nokkuð vel í þeirri vinnslu sem hefur vaxið hratt og örugglega síðasta áratuginn en það er útflutningur á ferskum unnum fiski.

#### Glæra 6 (Beyting á vísitölum)

Íslensk bolfiskvinnsla væri í verulegum kröggum hefðum við ekki náð þarna árangri. Samstarf fyrirtækja og frumkvöðla í upphafi hefur leitt til þess að þessi útflutningur er að verða megin stoð íslenskrar fiskvinnslu. Þessi breyting er mjög mikil það má eiginlega tala um fasa breytingu í fiskvinnslunni. En hún er engan veginn kominn til að sjálfu sér. Hún varð vegna GÆÐA skilnings allra í virðiskeðjunni.

#### Glæra 7 (Þróun á útflutn.)

Frá veiðum til endanlegs kaupanda. Meðferð sjómannsins frá því að veiðafærir fer í sjó þar til að fiskurinn er blóðgaður þveginn kældur og lagður í ís, er ennþá aðal þátturinn í þessari keðju. Þó að ég ætli ekki að halla á neinn í þessari umræðu þá verður að nefna endalausán áróður ákveðinna starfsmanna Matís um rétta meðhöndlun fisksins kæling og aftur kæling.

### Glæra 8 (Mynd af manni)

En þó svo að megin þori sjómanna hafi náð þessum vinnubrögðum þá eru ennþá til sjómenn og útgerðarmenn sem láta sig þessi mál engu skipta. Og það sem verra er að það eru til fiskvinnslur sem kaupa þennan fisk.

### Glæra 9 (Alltaf Kaldur)

Ég hef ekki lagt mig fram um að lesa yfir þær reglur og lög sem um MAST, Matvælastofnun gilda.

En það sem áður sagði um meðferð sjávaraflla, þá er ljóst í mínum huga að margra klst. seta starfsmanna Mast yfir því fólki sem stýrir vinnslu í mínu fyrirtæki væri miklu betur komið við alvöru eftirlit þar sem skóinn kreppir að, ég er að segja að Mast sé alveg örugglega að oftúlka reglur Evrópusambandsins um matvælaöryggi, með sínu flókna og dýra eftirliti með fyrirtækjum sem eru með alla sína hluti í lagi. En gæti komið að því að bæta verulega gæði og heilnæmi matvællanna væru þeir þar sem hlutirnir eru í ólagi.

Ef það er vilji stjórnvalda að nýta þá fjármuni vel sem þeir leggja til stofnanna eins og MAST og Fiskistofu ætti að setja þeim stjórn og eða einhverskonar ráðgjafahópa, sem væri forstjórum stofnanna æðri. Þannig næðist eðlilegt aðhald á rekstur og árangur þeirra.

Útgerð fiskiskipa býr við þó nokkuð eftirlit, sem Siglingastofnun hefur eftirlit með einnig er eigendur stærri skipa heimilt að kaupa stærstan hluta þess eftirlits af einkafyrirtækjum s.s. Det Norske Veritas, Lloyds og

sambærilegum fyrirtækjum og stofnunum. Þarna eru útgerðarmenn og starfsmenn þeirra að fá í flestum tilfellum mjög gott eftirlit sem tryggir öryggi sjómanna og skipa. Ég tel að þetta eftirlit sé algjör nauðsyn og engin þörf að draga þar úr, nema síður væri, þar sem skipafloti okkar er orðin of gamall. Aftur á móti geri ég þá kröfu að eftirlitið sé öflugt og faglegt og gæti að þeim hlutum sem nauðsynlegir eru til að tryggja sjó og haffærni skipanna.

### Glæra 10-11 (Álskaut)

Ég ætla að sýna ykkur hér mynd af hlut sem okkur var seldur gallaður, og skemmdi fyrir okkur skip, en þetta er svokallað álskaut er dregur úr hættu að skip tærist. Þessi skaut voru seld til okkar af fyrirtæki sem var að fara á hausinn og stjórnendur fyrirtækisins freistuðu að svindla á efnis gæðum. Þarna brást eftirlitið það gætti ekki að því að efnin væru í lagi. (Álskautið á að tærast upp en gerði það ekki í þetta skipti þetta skaut var á skipinu í 2 ár.)

### Glæra 12 Lokaglæran

Ágætu tilheyrendur, undirritaður gæti talað í nokkrar klukkutíma um þessi málefni en ætlar hér að láta staðar numið.